

From vision to action "Góðir hlutir gerast"

Ágúst 2010 11. tlb

Kæru formenn

Sumarið líður og brátt þarf að huga að starfi vetrarins. Ég er nýkomin frá alþjóðþingi DKG í Spokane, afar skemmtilegu og fróðlegu þingi. Spokane er notaleg borg í Washingtonfylki og var öll umgjörð þingsins til fyrirmyndar. Áhugaverðir fyrirlestrar og vinnustofur og voru allar íslensku konurnar fjórar sem fóru héðan mjög uppteknar á fundum og vinnustofum. Allar höfðum við skyldum að gegna, þannig að dagskráin var þétt. Við munum segja nánar frá þinginu á framkvæmdaráðsfundinum 4. september.

Breytingar á lögum og reglugerð voru samþykktar með smávægilegum breytingum og er því töluverð vinna framundan hjá okkur í vetur við að endurskoða okkar reglugerð. Það verður í höndum laganeftardar. Handbókin verðu einnig endurskoðuð, en hana þarf að endurskoða jafnt og þétt ásamt vefnum.

Þið heyrði frá mér aftur í lok mánaðarins, en ykkur er velkomið að slá á þráðinn ef þið viljið spjalla. Ég geri ráð fyrir að formenn deilda hitti nýja stjórn og skipti með sér verkum. Það er ekki nauðsynlegt að vera búin að binda niður vetrardagskrána fyrir fundinn og jafnvel gott að hafa möguleika á einhverjum breytingum. Þegar þið formenn hittist koma hugmyndir upp sem þið viljið ef til vill nýta í starfinu í vetur.

Athugið að stjórn deildar skipa formaður, varaformaður og ritari allir kjörnir. Gjaldkeri er valinn af framkvæmdaráði deildar. Heimilt er að kjósa annan varaformann og/eða bréfrítara.

Sjá nánar í Handbók grein 4.1. og bls. 8 í lögum og reglugerð http://dkg.muna.is/is/page/efni_fyrir_formenn. Það er gott að vera búin að kynna sér handbókina vel fyrir framkvæmdaráðsfundinn.

Upplýsingar

Framkvæmdaráðsfundur er 4. september kl 9-15 í Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Nánari upplýsingar verða sendar út í lok ágúst.

24.-25. sept og 26.-27. sept verða haldin Leiðtoganámskeið- Teachers as Leaders, á vegum DKG. Verð er 15.000 kr og eru gögn og matur innifalin. Leiðbeinandi er Dr. Barbara Whiting Námskeiðið fer fram á ensku og er dagskráin mjög þétt.

Barbara var formaður Leadership Committee hjá alþjóðasamtökunum á síðasta tímabili og hélt námskeið fyrir alla verðandi landssambandsforseta, m.a. í Osló fyrir landssambandsforseta Evrópu. Hún hélt nokkrar vinnustofur á alþjóðþinginu í Spokane með öllum landssambandsforsetum alþjóðsamtakanna. Hún er þaulvön og er mikill fengur að fá hana til okkar. Við njótum styrks frá alþjóðasamtökunum til að greiða fargjald hennar.

Einungis verða haldin þessi tvö námskeið og komast aðeins 30 konur á hvort. Við erum að skoða hvort annað námskeiðið verði á Akureyri. Námskeiðin verða opin konum utan samtakanna, en við vonumst til að DKG konur nýti sér þetta einstaka tækifæri. Skráning hefst í næstu viku.


Til framkvæmda

Formenn deilda huga að vetrarstarfi og byrja að smyrja heilasellurnar, en formenn nefnda undirbúa sig undir framkvæmdaráðsfundinn 4. september, þar sem tækifæri gefst til að kynna nýjum formönnum deilda, segja frá starfsemi nefnda ykkar og efla tengslin. Ég hlakka til að hitta ykkur allar.

September 2010						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	lau	Sun
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

Á döfinni:

- 4. sept Framkvæmdaráðsfundur
- 24.-25. sept Leiðtoganámskeið
- 26.-27. sept Leiðtoganámskeið



Með systrakveðju,

Ingibjörg Jónasdóttir
landssambandsforseti DKG